

af sígarettum og reykþóbaki. Inn komst hann með því að spenna upp bakdyr verzlunarinnar með bílfjaðrarblaði. Ólvaður segist ákærði hafa verið, þegar hann framdi þenna verknað, og þýfið hafði hann notað sjálfur.

Fyrir framangreind brot, sem réttilega eru færð til refsíákvæða í ákæruskjali, með tilliti til 77. gr. hegningarlagna og einnig með tilliti til 78. gr. sömu laga, að því er varðar kjólstuldinn, þykir refsing ákærða með hliðsjón af fyrri brotaferli hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði hefur verið í gæzluvarðhaldi frá 15. þ. m., eða í 11 daga. Ber samkvæmt 76. gr. hegningarlagna að draga þenna tíma frá refsingunni.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlagna ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kveður upp Valdimar Stefánsson sakadómari.

Dómsorð:

Ákærði, Jónas Guðmundsson, sæti fangelsi í 8 mánuði, en frá refsingunni dragast 11 gæzluvarðhaldsdagar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 6. maí 1961.

Nr. 105/1960. **Birgir Þór Helgason** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn

Hólmfríði Löve (Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur, að fengnu afrýjunarleyfi 20. júní 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. s. m. og

krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð verði ómerkt, málinu vísað frá héraðsdómi og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, aðallega að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að kröfu áfrýjanda verði hrundið, og loks að áfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað.

Hjónin Vigfús Helgi Gíslason og Aðalbjörg Sigríður Ásgeirsdóttir slitu hjúskap sínum samkvæmt skilnaðarbréfi, útgefnu í Dómsmálaráðuneytinu 10. júní 1949. Með skilnaðarbréfinu var konunni fengið forræði sonar þeirra, áfrýjanda, Birgis Þórs, sem fæddur er 22. janúar 1939. Hélt konan því forræði, unz áfrýjandi kvæntist 8. nóvember 1958. Faðir áfrýjanda var því eigi bær til að fara með fyrirsvor áfrýjanda í máli þessu í héraði, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947. Samkvæmt kröfu áfrýjanda ber þannig að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð, að því er til hans tekur, og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, að því er tekur til áfrýjanda, Birgis Þórs Helgasonar, og vísast máli hans frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1959.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Hólmfríður Löve húsfreyja, Sigtúni 35, hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. maí 1956, *aðallega* gegn Helga Gíslasyni bryta, Úthlíð 11, hér í borg, en *til vara* gegn honum vegna ófjárráða sonar hans Birgis, sama stað, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 39.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 7. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu bæði vegna sjálfs sín og sonar síns. Málsatvik eru þessi:

Hinn 26. október 1954, um kl. 3 síðdegis, varð sá atburður

í svonefndum söluturni, sem staðsettur er á mótum Hverfisgötu og Kalkofnsveggar, að 15 ára gamall sonur stefnda, Birgir, sem þar var staddur ásamt félögum sínum, skaut af byssu. Er ekki fullljóst, hvers konar byssu hér var um að ræða, né heldur, hverju skotið var úr henni, en af gögnum málsins er það helzt að ráða, að það hafi verið tárágassprengja.

Stefnandi var við afgreiðslustörf í söluturninum, og skýrir hún svo frá atvikum, að skyndilega hafi heyrzt nokkuð hár hvellur, líkt og úr barnabyssu. Samtímis hafi gosið upp reykur, sem á svipstundu hafi blindað hana. Jafnframt hafi hana sviðið mjög í augun, og hafi hún alls ekki getað haldið þeim opnum. Viðskiptavinir, sem staddir voru í söluturninum, hafi farið út, en sjálf hafi hún orðið að vera um kyrrt til lokunartíma, kl. 6 um kvöldið. Opnanlegur gluggi hafi enginn verið á turninum, og hafi óloftið af skotinu haldizt allan þann dag og hinn næsta, og allan þann tíma hafi hana sviðið í augun.

Um 15 mínútum eftir atburð þenna átti lögregluþjónn leið fram hjá söluturninum, og tjáði stefnandi honum, hvað gerzt hafði. Hafði lögreglan síðan upp á syni stefnda, og var hann fluttur á lögreglustöðina. Hafði hann í fórum sínum byssu og skot, og er þess getið í skýrslu lögreglunnar, að hún hafi tekið hvort tveggja í vörzlur sínar. Engin rannsókn virðist hafa farið fram á þessum hlutum, og kemur ekkj fram í málinu, hvað um þá varð. Samkvæmt skýrslu piltsins var tárágashylki í byssunni. Kvaðst hann hafa keypt það í Þýzkalandi sumarið áður.

Piltur að nafni Benedikt Arason kveðst hafa komið inn í sölu-turninn umgetinn dag, um kl. 5.20. Kveðst hann þekkja stefnanda. Hafi hún fljótlega eftir komu hans tjáð honum, að þar inni hefði verið sprengd tárágassprengja, en engin merki þess hafi hann skynjað þá þegar. Er hann hafði dvalið þarna um 15 mínútur, hafi þó farið að renna úr augum hans og hafi hann þá farið út. Eftir þetta hafi hann fundið til í augunum, og á öðrum degi hafi hann farið til Sveins Péturssonar augnlæknis. Á þriðja degi hafi hann fundið til í höfði vegna þessa og ekki getað unnið, en legið rúmfastur í tvo daga.

Stefnandi leitaði til Sveins Péturssonar augnlæknis daginn eftir umræddan atburð, en þá kveðst hún hafa verið svo slæm orðin í augunum, að hún hafi ekki getað unnið lengur.

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Sveins læknis Péturssonar, dags. 27. október 1954. Kveðst læknirinn þar hafa skoðað augu stefnanda þann sama dag. Kveður hann bæði augun

hafa verið rauð og þrútin, og hafi stefnandi ekki getað haldið þeim opnum. Við skoðun hafi sézt, að hún var brennd á báðum augum.

Í vottorði sama læknis, dags. 7. apríl 1955, segir, að stefnandi hafi ekkert getað unnið, frá því fyrra vottorðið var gefið, vegna augnmeiðslanna og afleiðinga þeirra.

Hinn 13. nóvember 1958 kom læknirinn fyrir dóm og staðfesti vottorð sín. Skýrir hann þá svo frá, að bruninn á augum stefnanda, sem um getur í fyrra vottorðinu, hafi verið fyrsta stigs bruni og lýst sér í roðabólgu og rennsli, en jafnframt hafi fylgt mikil ljósfælni. Fljótt á litið hafi áverkinn á augunum líkst fyrsta stigs bruna frá logsuðutækjum eða snjóþirtu, en bruni á augum, er hann hafi séð af þeim orsökum, hafi batnað á nokkrum dögum eða a.m.k. fljótlega. Slíku hafi aftur á móti ekki verið til að dreifa í þessu tilviki. Læknirinn kveður aldrei hafa verið um að ræða beina „infektion“ í augum stefnanda, heldur hafi frekar virzt vera um einhvers konar eitrun að ræða, sem hann þó ekki geti sagt um, í hverju var fólgin. En hann hafi gert ráð fyrir, að atvik það, sem um ræðir, væri orsökinn. Læknirinn kveður stefnanda hafa komið daglega til sín fram undir jól, að því er hann minnir. Úr því hafi hann látið hana fá meðöl heim með sér, en allt um það hafi hún komið á lækningastofu hans, er henni versnaði í augunum. Kveðst læknirinn telja, að útilokað hafi verið fyrir stefnanda að stunda vinnu, fyrst eftir að hún hlaut áverkann, eins og hún var á sig komin. Stefnandi hafi að eigin sögn reynt að vinna frá því um jól og fram til 7. apríl 1955, en þær tilraunir hafi jafnan endað þannig, að henni hafi versnað í augunum, enda hafi sömu sjúkdóms-einkenni, sem áður var lýst, verið á augunum á því tímabili. Kveðst læknirinn telja, að stefnandi hafi ekki haft heilsu til að stunda vinnu á þessu tímabili, eins og ástandi augnanna var þá háttað. Framburð sinn endar læknirinn á því, að hann hafi ekki fyrr haft augnsjúkling, er orðið hafi fyrir tárágassprengju, hafi þá hér verið um tárágassprengju að ræða, eins og hann kemst að orði.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur aðalstefnda á því, að hann beri sem foreldri fébótaábyrgð á tjóni því, er Birgir sonur hans hafi valdið henni í umrætt sinn. Verði ekki á þetta fallt, telur stefnandi auðsætt, að fébótaábyrgðin hljóti að falla á piltinn sjálfan, og beinir málssókninni því gegn honum til vara.

Aðalstefndi og varastefndi reisa sýknukröfuna báðir á því, að sönnur bresti fyrir því, að augnáverkar stefnanda hafi stafað af byssuskotinu í söluturninum, sem viðurkennt er, að átt hafi sér stað. Telja þeir, að tárágassprenging geti ekki valdið slíkum meiðslum. Þessu til stuðnings er af hálfu stefndu lagt fram vottorð frá Úlfari Þórðarsyni augnlækni, er þannig hljóðar:

„Undirritaður læknir hefur verið spurður af hr. Sigurgeiri Sigurjónssyni, hvort mér væri kunnugt um slys af völdum tárágass, og þá sérstaklega um afleiðingar þess fyrir augun. Þar eð mér var ókunnugt um þetta, spurðist ég fyrir um þessi atriði hjá próf. H. K. Muller, yfirlækni á augnspítala háskólans í Bonn. Svar hans var á þá leið, eftir að hann hafði látið fara yfir það, sem skrifað hefur verið um þetta í fagtímarit, að: Ef tárágasi er skotið beint inn í augun, þannig að byssunni er stefnt á augun, þá getur tárágasskot valdið langvarandi bólgum í auganu, en þá meir fyrir áverka af sprengingunni en af áhrifum tárágassins, eins ef tárágasið springur í umhverfi manna á venjulegan hátt, er ókunnugt um neinar skemmdir á augum af þeim orsökum. Hef ég engu við þetta að bæta og tel þetta vera tæmandi svar við því, sem ég var spurður að.“

Í öðru lagi reisir aðalstefndi sýknukröfuna á því, að það sé andstætt lögum, að foreldrar beri fébótaábyrgð á skaðaverkum barna sinna, nema um sé að ræða culpa hjá foreldrunum. Sjálfur hafi hann engan hlut átt að því, að sonur hans hafði umrædda hluti undir höndum, og bresti því alveg skilyrði fyrir fébótaábyrgð hans. Drengurinn hafi og verið orðinn 15 ára gamall, en á þeim aldri hafi börn öðlazzt slíkan þroska, að þau hljóti sjálf að vera fullábyrg gerða sinna.

Aðalstefndi kom fyrir dóm í málinu hinn 28. apríl 1959 og synjaði þá eindregið fyrir, að honum hafi verið kunnugt um tilvist umræddrar byssu í vörzlum Birgis sonar síns. Er ósann að gegn mótmælum hans, að hann hafi átt nokkurn hlut að því, að pilturinn hafði byssuna undir höndum eða að hann hafi um það vitað, og verður hann þegar af þeirri ástæðu ekki gerður ábyrgur fyrir tjóni stefnanda. Ber því að sýkna hann af kröfum í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart honum falli niður.

Þegar það er virt, sem að framan er rakið um augnmeiðsli stefnanda, aðdraganda þeirra, sem ekki er véfengdur, að augnmeiðslin voru rannsökuð af sérfræðingi í augnsjúkdómum strax daginn eftir umræddan atburð og að þá kom í ljós bruni í aug-

unum, að sömu einkenni voru á augunum frá því er stefnandi fyrst leitaði læknis og ávallt síðan, er hún gekk til hans að staðaldri, og ekkert er fram komið um það, að stefnandi hafi orðið fyrir öðrum áverka á augunum á þessu tímabili eða verið haldin neins konar augnveiki, þá þykir ekki viðrhlutamikið að líta svo á, að augnmeiðslin megi rekja til byssuskotsins, er sonur aðalstefnda stóð að í umrætt sinn. Með skírskotun til þess ber að leggja á hann fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, er af þessu leiddi.

Tjón sitt telur stefnandi nema þeirri fjárhæð, sem krafizt er í málinu, en fjárhæðina sundurliðar hún þannig, að kr. 24.000.00 eru fyrir atvinnutjón, en kr. 15.000.00 fyrir þjáningar og óþægindi.

Stefnandi er gift og á tvö börn, sem á þessum tíma voru 7 og 11 ára gömul. Hjónin höfðu söluturninn á leigu, og kveðst stefnandi hafa unnið þar við afgreiðslustörf allan daginn að öðru leyti en því, að eiginmaður hennar hafi leyst hana af hólmi í hádeginu. Jafnframt hafi hún sjálf hjálparlaust gegnt heimilisstörfum. Eftir að hún hlaut augnmeiðslin, hafi ekki verið um að ræða eiginlega vinnu frá hennar hendi, svo sem rakið hefur verið. Afleiðingin hafi orðið sú, að eiginmaður hennar hafi orðið að taka að sér afgreiðslustörfin í söluturninum og kaupa hafi orðið heimilisaðstoð. Jafnframt hafi svo komið að því, að þau hafi orðið að afsala sér leiguréttinum yfir söluturninum, sem ella hefði ekki orðið.

Stefnandi fær fjárhæð áætlaðs atvinnutjóns þannig fram, að hún gerir ráð fyrir, að hún hafi verið óvinnufær í 5½ mánuð. Kaup sitt við afgreiðslustörf í söluturninum reiknar hún kr. 3.500.00 á mánuði, eða alls kr. 19.250.00 greint tímabil. Þá kveðst stefnandi hafa greitt stúlku fyrir heimilisaðstoð kr. 800.00 á mánuði, eða alls kr. 4.750.00.

Af hálfu stefnda er fjárhæð kröfunnar mótmælt sem allt of hárrí. Er því mótmælt, að stefnandi hafi haft svo hátt kaup, sem hún reiknar með, og enn fremur, að hún hafi verið óvinnufær allan þann tíma, sem atvinnutjónið er miðað við.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um hagi stefnanda, meiðsli þau, er hún hlaut, og afleiðingar þeirra, þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar í einu lagi kr. 20.000.00. Verður varastefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt málskostnaði, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Vaxtakröfunni er sérstaklega mótmælt, bæði upphafstíma vaxtanna og að dæmdir verði 7% ársvextir.

Rétt þykir að dæma 6% ársvexti af dæmdri fjárhæð frá þeim tíma, sem krafizt er.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Helgi Gíslason, er sýkn í máli þessu af kröfum stefnanda, Hólmfriðar Löve, en málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Varastefndi, Helgi Gíslason vegna ófjárráða sonar síns Birgis, greiði stefnanda kr. 20.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1955 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1961.

Nr. 34/1961. **Ákærvaldið** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Magnúsi Guðmundssyni
 (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot í opinberu starfi, brot gegn friðhelgi einkalífs, rangar sakargiftir og handhöfn skotvopns og skotfæra.

Dómur Hæstaréttar.

A.

Verjandi ákærða í héraði, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, var hinn 23. febrúar 1961 samkvæmt ósk ákærða einnig skipaður verjandi hans fyrir Hæstarétti, sbr. lög nr. 25/1953 um breytingu á lögum nr. 61/1942.

Flutningur málsins hófst hér fyrir dómi hinn 10. apríl s.l. og var fram haldið til 12. s. m., er ákærða var samkvæmt ósk verjanda með úrskurði dómsins veittur kostur